

## Afkoma Eimskip neikvæð um 214,5 milljónir evra á 2F 2009

- Afkoma af flutningastarfsemi batnar verulega frá því á fyrsta ársfjórðungi -
  - Virðisrýrnun á eignarhlut í frystigeymslustarfsemi 176,1 milljónir evra -

### *Helstu atriði úr uppgjörinu*

- Rekstrartekjur námu 298,6 milljónum evra (2F 2008: 319,4 milljónir evra) og lækkuðu um 6,5% milli ára.
- Rekstrargjöld námu 263,9 milljónum evra (2F 2008: 288,6 milljónir evra) og lækkuðu um 8,6% milli ára.
- Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) nam 34,7 milljónum evra, eða 11,6% sem hlutfall af tekjum; EBITDA hækkaði um 12,6% frá fyrra ári þar sem hún var 30,8 milljónir evra, eða 9,6% af tekjum
- Heildarfjármagnskostnaður var 22,5 milljónir evra á 2F, að teknu tilliti til gengishagnaðar upp á 6,5 milljónir evra
- Tap af áframhaldandi starfsemi var 190,2 milljónir evra
- Tap af aflagðri starfsemi var 24,3 milljónir evra
- Tap eftir skatta var 214,5 milljónir evra á 2F samanborið við 100,8 milljóna evra tap á 2F 2008
- Heildareignir í lok fjórðungsins voru 1.540,6 milljónir evra
- Heildarskuldir í lok fjórðungsins voru 1.931,0 milljónir evra
- Eigið fé í lok fjórðungsins var neikvætt um 390,4 milljónir evra

Til áframhaldandi starfsemi telst flutningastarfsemi (sjóflutningar og tengd þjónusta) á N-Atlantshafi og í Asíu og rekstur kæli- og frystigeymsla í Ameríku, Asíu og Eyjaálfu. Dótturfélög sem eru í sölu- eða þrotameðferð falla undir liðinn aflögð starfsemi. Þar sem rekstur kæli- og frystigeymslustarfsemi í Norður Ameríku verður áfram í 51% eigu Eimskip er sú starfsemi nú færð undir áframhaldandi starfsemi.

Milljónir evra	2F 2009	2F 2008	2009	2008
Tekjur	298,6	319,4	599,3	638,6
Rekstrargjöld	-263,9	-288,6	-532,9	-568,6
EBITDA	34,7	30,8	66,4	70,0
EBITDA %	11,6%	9,6%	11,1%	11,0%
Hagn/tap af áframhaldandi starfsemi	-190,2	-35,7	-224,6	-71,0
Hagn/tap tímabilsins	-214,5	-100,8	-254,7	-139,7

### Afkoma á öðrum ársfjórðungi 2009

#### Tekjur

Heildartekjur á öðrum ársfjórðungi voru 298,6 milljónir evra, og lækkuðu um 6,5% frá sama tímabili í fyrra (2F 2008: 319,4 milljónir evra). Tekjur fyrstu 6 mánuði ársins voru 599,3 milljónir evra og lækkuðu um 6,2% frá fyrra ári (6M 2008: 638,6 milljónir evra).

Áframhaldandi starfsemi félagsins skiptist í tvær meginstoðir, flutningastarfsemi og rekstur kæli- og frystigeymsla.

Flutningastarfsemi Eimskipa felst í áætlunarsiglingum í Norður-Atlantshafi og tengri starfsemi. Rekstur Eimskipa á Íslandi, Eimskipa - CTG í Noregi og Faroe Ship í Færeyjum fellur m.a. undir þennan lið.

Tekjur af flutningastarfsemi námu 70,9 milljónum evra á fjórðungnum (2F 2008: 101,6 milljónir evra). Fyrstu 6 mánuði ársins voru tekjurnar 139,0 milljónir evra (6M 2008: 197,3 milljónir evra). Mikill samdráttur hefur verið

í flutningum og hefur til að mynda verið 28% samdráttur á milli ára í flutningum til og frá Íslandi þrátt fyrir að útflutningur hafi aukist.

Rekstrikæli- og frystigeymslna felst í hitastýrðum flutningum og rekstri geymslna í Bandaríkjunum, Kanada, Argentínu, Ástralíu, Nýja Sjálandi og Kína. Starfsemi Versacold, Atlas og Eimskip í Kína fellur m.a. undir þennan lið.

Tekjur af rekstri kæli- og frystigeymslna námu 227,6 milljónum evra á fjórðungnum (2F 2008: 217,4 milljónir evra) og 460,0 milljónum evra á fyrstu 6 mánuðum ársins (6M 2008: 441,0 milljónir evra).

### Rekstrargjöld

Rekstrargjöld á öðrum ársfjórðungi voru 263,9 milljónir evra (2F 2008: 288,6 milljónir evra) og hafa lækkað um 8,6% á milli ára. Hlutfall kostnaðar af tekjum er 88,4% í samanburði við 90,4% á öðrum ársfjórðungi 2008. Á fyrstu 6 mánuðum ársins voru rekstrargjöld 532,9 milljónir evra (6M 2008: 568,6 milljónir evra) og hafa lækkað um 6,3% milli ára. Kostnaðarhlutfall fyrstu 6 mánuði ársins var 88,9% samanborið við 89,0% á sama tímabili 2008.

Kostnaðarhlutfall í flutningastarfsemi er 89,1% á öðrum ársfjórðungi 2009 (2F 2008: 91,6%) og 88,2% í frystigeymslustarfsemi (2F 2008: 89,9%). Hagræðing í rekstri, ásamt hagstæðri gengisþróun, skilar lækkandi kostnaðarhlutfalli í flutningastarfsemi þrátt fyrir samdrátt í magni.

### EBITDA & EBIT

Hagnaður félagsins fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 34,7 milljónir evra á fjórðungnum (2F 2008: 30,8 milljónir evra), eða 11,6% af tekjum (2F 2008: 9,6%). Fyrstu 6 mánuði ársins var EBITDA 66,4 milljónir evra (6M 2008: 70,0 milljónir evra) eða 11,1% af tekjum (6M 2008: 11,0%).

EBITDA af flutningastarfsemi var 7,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi (2F 2008: 8,5 milljónir evra) samanborið við 1,7 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi. Bæting á milli ársfjórðunga má rekja til þeirra miklu hagræðingaraðgerða sem félagið hefur ráðist í og eru að skila sér á öðrum ársfjórðungi. Einskiptiskostnaður vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar er um 2,7 milljónir evra á fyrri árshelmingi ársins.

EBITDA af frystigeymslustarfsemi var 26,9 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi (2F 2008: 21,9 milljónir evra) samanborið við 30,0 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi. Samdráttur milli fjórðunga skýrist einkum af versnandi afkomu í Asíu og Bandaríkjunum.

Tap fyrir skatta og fjármagnsliði (EBIT) var 162,9 milljónir evra í fjórðungnum (2F 2008: hagnaður 7,2 milljónir evra) og munar þar mestu um bókfærða virðisryrnun eigna sem nam 176,1 milljón evra. Fyrstu 6 mánuði ársins var EBIT neikvætt um 151,8 milljónir evra (6M 2008: hagnaður 22,3 milljónir evra). Virðisrynnun eigna er fyrst og fremst tilkomin vegna virðisryrnunar á frystigeymslustarfsemi félagsins í Norður Ameríku. Félagið hefur haft geymslurnar í sölumeðferð frá því á seinni hluta ársins 2008 og hefur niðurstaða í því ferli leitt til þess að verðmæti eignarhlutarins er mun minna en áður var talið. Félagið hefur í dag sent frá sér tilkynningu um fjárhagslega endurskipulagningu samhliða afkomutilkynningu og má þar finna nánari upplýsingar um söluferlið á frystigeymslunum.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsgjöld námu 22,5 milljónum evra á fjórðungnum (2F 2008: 51,3 milljónir evra). Þar af voru nettó vaxtagjöld 29,0 milljónir evra (1F 2009: 36,2 milljónir evra) og gengishagnaður 6,5 milljónir evra (1F 2009: gengistap 9,4 milljónir evra). Fyrstu 6 mánuði ársins voru fjármagnsgjöld 68,1 milljón evra (6M 2008: 105,9 milljónir evra), þar af gengistap 2,9 milljónir evra (6M 2008: gengistap 35,7 milljónir evra).

### Tap tímabilsins

Tap félagsins fyrir skatta nam 185,4 milljónum evra á öðrum ársfjórðung (2F 2008: tap 43,8 milljónir evra) og eftir skatta var tapið 214,5 milljónir evra (2F 2008: tap 100,8 milljónir evra). Fyrstu 6 mánuði ársins var tap eftir skatta 254,7 milljónir evra (6M 2008: tap 139,7 milljónir evra).

### Tap af aflagðri starfsemi

Tap af aflagðri starfsemi má fyrst og fremst rekja til sölu á finnska skipafélaginu Containerships. En eins og félagið tilkynnti þann 13. maí síðastliðinn var Containerships selt með um 3,9 milljarða króna sölutapi og hefur verið tekið tillit til þess í reikningskilum félagsins fyrir annan ársfjórðung.

<b>Rekstrarreikningur (milljónir evra)</b>	<b>2F 2009</b>	<b>2F 2008</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>
Tekjur	298,6	319,4	599,3	638,6
Rekstrargjöld	-263,9	-288,6	-532,9	-568,6
<b>EBITDA</b>	<b>34,7</b>	<b>30,8</b>	<b>66,4</b>	<b>70,0</b>
Afskriftir	-21,5	-23,6	-42,2	-47,7
Virðisrýrnun eigna	-176,1	0,0	-176,1	0,0
Fjármagnsliðir & afkoma hlutd.félaga	-22,5	-50,9	-68,0	-105,7
<b>Hagn/tap fyrir skatta</b>	<b>-185,4</b>	<b>-43,8</b>	<b>-219,8</b>	<b>-83,4</b>
Tekjuskattur	-4,8	8,1	-4,8	12,4
<b>Hagn/tap af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>-190,2</b>	<b>-35,7</b>	<b>-224,6</b>	<b>-71,0</b>
Hagn/tap af aflagðri starfsemi	-24,3	-65,2	-30,1	-68,7
<b>Hagn/tap tímabilsins</b>	<b>-214,5</b>	<b>-100,8</b>	<b>-254,7</b>	<b>-139,7</b>

#### Eignir og skuldir

Heildareignir félagsins námu 1.540,6 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs. Á sama tíma voru heildarskuldir 1.931,0 milljónir evra. Nettó vaxtaberandi skuldir við lok tímabilsins voru 1.294,7 milljónir evra.

#### Eigið fé

Í lok annars ársfjórðungs var eigið fé félagsins neikvætt um 390,4 milljónir evra.

#### Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri var 10,6 milljónir evra fyrstu 6 mánuði ársins (6M 2008: -7,6 milljónir evra). Rekstrartengdar eignir umfram skuldir lækkuðu um 1,5 milljónir evra á sama tímabili (6M 2008: 59,0 milljónir evra).

Heildarfjárfestingahreyfingar á tímabilinu voru neikvæðar um 12,0 milljón evra. Heildarfjármögnumnar hreyfingar voru jákvæðar um 5,3 milljónir evra. Handbært fé lækkaði um 0,2 milljónir evra á tímabilinu og var 51,9 milljónir evra í lok annars ársfjórðungs.

#### Nánari upplýsingar veita:

Gylfi Sigfússon, forstjóri  
 Hilmar Pétur Valgarðsson, fjármálastjóri  
 Sími: 525 7202

<b>Rekstrarreikningur (milljónir evra)</b>	<b>2F 2009</b>	<b>2F 2008</b>	<b>Breyting %</b>
Tekjur	298,6	319,4	-6,5%
Rekstrargjöld	-285,4	-312,2	-8,6%
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>13,1</b>	<b>7,2</b>	<b>83,3%</b>
Virðisýrnun eigna	-176,1	0,0	
Fjármagnsliðir & afkoma hlutd.félaga	-22,5	-50,9	-55,9%
Tekjuskattur	-4,8	8,1	-160,0%
<b>Hagn/tap af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>-190,2</b>	<b>-35,7</b>	<b>4,3</b>
Hagn/tap af aflagðri starfsemi	-24,3	-65,2	-62,8%
<b>Hagn/tap tímabilsins</b>	<b>-214,5</b>	<b>-100,8</b>	<b>112,7%</b>
<b>Eignir (milljónir evra)</b>	<b>2F 2009</b>	<b>4F 2008</b>	<b>Breyting %</b>
Viðskiptavild	132,1	309,2	-57,3%
Aðrar óefnislegar eignir	42,0	82,4	-49,0%
Varanlegir rekstrarfjármunir	948,6	1.039,8	-8,8%
Hlutdeildarfélög og fjárfestingar	10,5	79,7	-86,8%
Tekjuskattsinneign	54,9	74,0	-25,8%
<b>Fastafjármunir</b>	<b>1.188,0</b>	<b>1.585,1</b>	<b>-25,0%</b>
Bírgðir	8,9	10,5	-15,4%
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	196,3	247,6	-20,7%
Handbært fé	51,9	52,1	-0,2%
Eignir í sölumeðferð	95,4	48,6	96,2%
<b>Veltufjármunir</b>	<b>352,5</b>	<b>358,8</b>	<b>-1,7%</b>
<b>Heildareignir</b>	<b>1.540,6</b>	<b>1.943,9</b>	<b>-20,7%</b>
<b>Eigið fé (milljónir evra)</b>	<b>2F 2009</b>	<b>4F 2008</b>	<b>Breyting %</b>
Hlutafé	20,7	20,7	0,0%
Yfirverðsreikningur hlutafjár	0,0	413,9	-100,0%
Varasjóðir	-14,7	-14,4	1,6%
Óráðstafað eigið fé	-414,0	-575,1	-28,0%
Hlutdeild minnihluta	17,6	20,7	-15,3%
<b>Samtals eigið fé</b>	<b>-390,4</b>	<b>-134,2</b>	<b>190,8%</b>
<b>Skuldir (milljónir evra)</b>	<b>2F 2009</b>	<b>4F 2008</b>	<b>Breyting %</b>
Breytanlegt lán	0,0	67,2	-100,0%
Lántökur	909,1	861,2	5,6%
Skuldbindingar og aðrar skuldir	36,7	37,3	-1,5%
Tekjuskattsskuldbinding	121,7	154,4	-21,2%
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>1.067,5</b>	<b>1.120,2</b>	<b>-4,7%</b>
Lántökur	385,6	465,3	-17,1%
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímakröfur	421,0	444,0	-5,2%
Skuldir v. eigna í sölumeðferð	56,9	48,6	17,0%
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>863,5</b>	<b>957,9</b>	<b>-9,9%</b>
<b>Samtals skuldir</b>	<b>1.931,0</b>	<b>2.078,1</b>	<b>-7,1%</b>

